

Drög að Starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskþurrkun Norlandia á Ólafsfirði

Múlavegi 3 a, Kt:431094-2749

Í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. Almenn ákvæði og gildissvið

1.1 Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu vera þannig, að framleitt verði úr 50 tonnum af hráefni á sólarhring að hámarki. Viðurkennt innra eftirlitskerfi í samræmi við reglur þar um skal vera hjá fyrirtækinu. Markmið starfsleyfis er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollustu og hreinu umhverfi. Fyrirtækið skal vinna að því að auka gæði hráefnis og stuðla þannig að minni loft- og sjávarmengun.

1.2 Starfsleyfið gildir fyrir vinnslu þá sem getið er um á í starfsleyfisskilyrðum. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Starfsleyfishafa er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum er lúta að starfsemi og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfi þessu.

1.3 Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á almenning, eða vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.

1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt. Skylt er fyrirtækinu að innleiða skilgreint BAT (bestu fánlegu tækni) fyrir 1. október 2007 skv. 12. og 13. grein reglugerðar nr. 785/1998 auk mengunarvaranráðstafana settum fram í þessum skilyrðum.

1.5 Um meðferð og frágang olíu- og gastanka og búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2. Varnir gegn mengun umhverfis

2.1 Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Annað hvort verði þar unnið eftir eigin kerfi eða viðurkenndum umhverfismálakerfum t.d. EMAS-reglugerð eða ÍST EN ISO14001.

2.2 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um, að á athafnasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur allann, skal taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta.

2.3 Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegu og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu jafnframt standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta. Aðkeyrslur og athafnasvæði við vinnsluhús skal vera steinsteypt eða bundið malarlag með niðurföllum. Þar sem unnið er með vélar og tæki skal vera bundið slitlag og plön við verksmiðjudyr skulu lögð bundnu olíu-og fituþolnu slitlagi.

3. Mengunarvarnir

3.1 Fyrirtækið skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir, sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

3.2 Allt hráefni skal geymt í kældu rými og skal stærð þess taka mið af umfangi starfseminnar. Hitastig í hráefni skal ekki fara yfir 4°C og skal skrá hitastig í hráefni reglulega í innra eftirlit fyrirtækisins. Hráefni annað en fryst, skal tekið til vinnslu svo fljótt sem kostur er og ekki skal vinna eldra hráefni en 12 daga gamalt Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allur vökvi frá hráefni fara um fitugildru eða meðhöndlað í hreinsibúnaði. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki við tilfærslu hráefnis, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

3.3 Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits og vera í samræmi við leiðbeiningar heilbrigðisyfirvalda þar sem við á. Frárennslis frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitu sveitarfélagsins.

Fráveituvatn skal vinna til förgunar á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af og röskun á lífríki verði sem minnst sbr. greinar 3.1 3.3.. 3.4 og 3.5.

3.4 Við þrif á verksmiðjuhúsum og vegna afrennslis frá þvottaaðstöðu skal leita heppilegra leiða til að minnka magn fráveituvatns. Sjálfvirkir lokar skulu vera á vatnsslöngum. Ristar og síuker skulu vera á fráveitu í hráefnageymslum og vinnslusölum, fanga skal þannig slor og agnir frá vinnslunni. Föstum efnnum skal skila aftur til vinnslu eftir því sem kostur er þannig að grófur úppleystur úrgangur berist ekki í fráveitu. Fráveitulagnir fyrirtækisins skulu útbúnar með slógbrunni, fitugildru, olíugildru og öðrum hreinsibúnaði eftir því sem við á. Brunna og hreinsibúnað fráveitu skal hreinsa reglulega og halda skrá yfir slíkt sbr. grein 4.2. Fitu og úrgangi sem safnast í fitugildru eða á ristar skal nýta eftir því sem kostur er t.d til bræðslu eða mjölvinnslu, en að öðrum kosti farga á viðurkenndan hátt. Slíkan úrgang, eða hráefni til bræðslu skal ísa, geyma í kæli, eða frysta ef hann er ekki fluttur daglega úr fyrirtækinu.

3.5 Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á fiskúrgangi skulu vera lokuð og þétt. Flutningstæki skulu vandlega þrífín strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennslis frá þvottaaðstöðu skal leitt í gegnum fitugildru.

3.6 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennslis um olíuskilju. Fyrirtækið skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélarþvotta s.s. lokuð kerfi án leysiefna t.d. gufupvott og háþrýstipvott. Nota skal þvotta- og hreinsiefni sem hafa fengið viðurkenningu Umhverfisstofnunar.

3.7 Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnnum úr útblæstri. Óheimilt er að loftmengun sé yfir þeim mörkum sem sett eru samkvæmt reglugerð um loftgæði nr. 787/1999. Tryggja skal með þrýstingsstýringu og að dyr séu lokaðar, að allt loft fari í lofthreinsikerfi. Afsog frá lyktar- og efnauppsprettum skal kælt og hreinsað með rakapvætti áður en það er leitt upp til reykháfs. Tryggja skal að rakastig í útblæstri sé ávallt eins og reglugerðir segja til um til að koma í veg fyrir ryk í útblæstri. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.

Lyktheyðing skal framkvæmd í þvotta- og þéttiturni, enda fáist til þess tilskilin leyfi þar til bærra skipulags- og byggingaryfirvalda. Nota skal Ósón tækni eða aðra þá tækni sem nær sambærilegum eða betri árangri til lyktareyðingar. Að lokinni lyktheyðingu skal leiða útblástursloft út í gegnum reykháf, sem er ekki lægri en ein húshæð miðað við gólflöt verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt.

Skal fyrirtækið koma fyrir mælinum til að fylgjast með magni lyktgefandi mólíkúla í útblæstri. Skulu upplýsingar sem fást við það notaðar til að ná fram enn frekari lyktheyðingu.

3.8 Yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst er Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra heimilt að gefa fyrirmæli um að hlé verði gert á þurrkun á fiski yfir helgar, frá hádegi á föstudegi og til mánudagsmorguns. Ákvæðinu skal ekki beitt nema að undangenginni tilkynningu með viku fyrirvara og því ekki oftast beitt en fjórum sinnum á sumri.

3.9 Búnaður kælitækja skal vera í samræmi við reglugerðir þar um, m.a. [reglugerð nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum](#), [reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu](#), og reglugerð nr. 834/210 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Aðili sem annast viðhald kæli- og frystibúnaðar skal hafa tilskilin leyfi í samræmi við lög um eiturefni- og hættuleg efni nr 52/1988

3.10 Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.

Leitast skal við að allur úrgangur sem myndast við vinnsluna, þ.m.t. slor, fíta og roð, verði fangað í framleiðsluferlum og flutt sem fastur úrgangur til frekari vinnslu eða förgunar. Við þrif á tækjum og búnaði skal í byrjun leitast við að skrapa og þurrka óhreinindi af og færa þau sem mest aftur í framleiðsluferla eða í endurvinnslu.

Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu og flytja reglulega til eyðingar eða vinnslu hjá viðurkenndum móttökuaðilum.

3.11 Skylt er að sjá um að hindraður sé aðgangur meindýra, vargfugls og annarra dýra að gánum, þróm, hreinsivirkjum og úrgangi vinnslunnar.

3.12 Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurhæfingu efna. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Spilliefnum skal skila reglulega til aðila með leyfi til móttöku eða flutnings á viðkomandi spilliefnum. Þetta gildir m.a. fyrir eftirtalin efni; Klórflúorkolefni (freon, kælimiðlar), ammóníak,

klór, lútur, sýra, sápur, hreinsiefni, olíur, málning, lökk, lím og lífræn leysiefni. Þegar spilliefnum er skilað skal kvittun fyrir skilunum fengin frá flutningsaðila eða móttökustöð. Á kvittuninni skal koma fram nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu. Umbúðir hættulegra efna skulu merktar með varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum sbr. ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, nr. 236/1990. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang eða losa þau í fráveitu. Ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna.

3.13 Takmarka skal hávaða eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

4. Eftirlit

4.1 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra annast eftirlit með ákvæðum starfsleyfisins. Eftirlitið felur í sér reglubundnar skoðanir þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun efna í vatn, loft eða jarðveg ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs. Ennfremur er um er að ræða:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Vegna sérstakra úttekta í samræmi við áætlun sem fyrirtækið gerir um úrbætur.

4.2 Fyrirtækið skal hafa eigið reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Það skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði þ.e. lykteyðingarbúnaði, rakastigi í útblæstri, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli, þ.m.t. síum og skiljum.
- Tæmingu fitugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Magn lyktheyðandi mólíkúla í útbæstri að minnsta kost tvisvar á dag.

4.3 Beita skal eftirfarandi starfsháttum við allan rekstur starfsstöðvarinnar;

- Orka skal vera vel nýtt.
- Dregið skal með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs.
- Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.
- Tilgreina skal allar breytingar, sem gerðar eru á byggingum, tanka- og lagnasvæði starfsstöðvarinnar. Afstöðumynd af stöðinni ásamt teikningu af legu tanka, lagna, niðurfalla, fráveitu og olúskilju skal vera til staðar í rekstrarhandbók fyrirtækisins.

Framangreindar upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik varðandi mengun ásamt öðrum þáttum er geta varðað umhverfis- og almannaheill.

4.4 Fyrirtækið skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Einnig skal tilkynna um slík tilfelli ef hætta er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

4.5 Ef mengunaróhapp verður, s.s. að freon, ammóníak, klór, sápur eða önnur spilliefni leka út í umhverfið eða niður í fráveitu, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva lekann og hreinsa upp efnið sem hefur lekið niður. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlitið og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.

4.6 Helstu lög og reglugerðir sem starfseminna varða og rekstraraðila er skylt að uppfylla

- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

- b) Reglugerð um úrgang nr. 805/1999.
- c) Reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang nr. 184/2002.
- e) Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- g) Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði
- h) Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

5. Ýmiss ákvæði, gildistaka og gjaldskyld

5.1 Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi þessu og skal kynna sér þau lög og reglur sem viðkoma starfseminni.

5.2 Starfsleyfi þetta er veitt til tveggja ára frá og með útgáfudegi í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 og öðlast gildi við birtingu. Endurskoðunarákvæði á starfsleyfinu er samkvæmt 20. og 21. grein í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

5.3 Rekstraraðili árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, eins og hún er hverju sinni.